



265. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 15. mars 2018 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Lilja Sigurðardóttir, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Gunnar Bragason gjaldkeri, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson og Jón Finnbogason.

Forseti setti fundi og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Örn Andrésson formaður fagraðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ skýrði frá því helsta úr starfi sviðsins og undirbúningi ólympískra verkefna. Sviðsstjóri og verkefnastjóri sviðsins eru í Buenos Aires á aðalfararstjórafundi fyrir Ólympíuleika ungmenna sem verða þar í haust. Undirbúningur fyrir leikana gengur vel.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður fagraðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Sviðið var með vinnufund í dag þar sem farið var yfir stöðu verkefna, markmið og leiðir sviðsins. Áfram verður unnið að markmiðasetningu fyrir sviðið og verður sú vinna lögð fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til afgreiðslu þegar þar að kemur. Tveir nemar eru í starfsnámi í umsjón starfsmanna sviðsins næstu vikurnar.

Hafsteinn Pálsson úr Almenningsíþróttasviði ÍSÍ minnti á setningarhátíð verkefnisins Hjólað í vinnuna sem verður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum 2. maí nk. Hann upplýsti einnig að samningur við Umf. Stjórnuna í Garðabæ um skipulag og framkvæmd hlaupsins í Garðabæ yrði undirritaður fljótlega. Hlaupið fer fram 2. júní nk.

3. Stofnun Lyfjæftirlits Íslands

Forseti ÍSÍ og Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra undirrituðu skipulagsskrá Lyfjæftirlits Íslands, sjálfstæðrar stofnunar um lyfjæftirlit á Íslandi, í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 13. apríl sl. Forseti fór lauslega yfir forsöguna sem og næstu skref.

ÍSÍ tilnefnir tvo í aðalstjórn stofnunarinnar og einn í varastjórn.

Samþykkt samhljóða að tilnefna eftirtalda einstaklinga sem fulltrúa ÍSÍ:

Dr. Skúli Skúlason (aðalstjórn)

Áslaug Sigurjónsdóttir (aðalstjórn)

Sif Jónsdóttir (varastjórn)

4. Heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra

Forseti skýrði frá heimsókn Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra og Hafþórs Eide Hafþórssonar aðstoðarmanns ráðherra í höfuðstöðvar ÍSÍ 13. apríl sl. Ráðherra fékk kynningu um starfsemi ÍSÍ og helstu verkefni sambandsins. Ákveðið var að halda fljótlega annan upplýsingafund og þá sérstaklega um afreksmál.

Fyrirhugað var að undirrita samninga um fjárframlög til ÍSÍ í heimsókn ráðherra en því var frestað þar sem viðræður eru enn í gangi um framlög til ÍSÍ.

5. Persónuvernd

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna varðandi gildistöku og innleiðingu nýrrar löggjafar um persónuvernd, sem tekur gildi 25. maí nk. Mikil vinna er framundan við að mæta þeim verkefnum sem nýja Evrópureglugerðin felur í sér fyrir íþróttahreyfinguna. Um er að ræða greiningarvinnu og skrásetningu á þeim verkefnum sem ÍSí vinnur og fellur undir reglugerðina annars vegar og hins vegar þarf hreyfingin leiðbeinandi upplýsingar um hvaða kröfur þarf að uppfylla við meðferð persónuupplýsinga. Búið er að funda með Persónuvernd um málið og fá ráðgjöf um næstu skref. Gera má ráð fyrir því að ferlið verði bæði kostnaðarsamt og tímafrekt.

6. Ráðstefna um skipulag íþróttahreyfingarinnar – skipan vinnuhóps

Rætt um ráðstefnu ÍSí um skipulag íþróttahreyfingarinnar sem áætlað er að halda á haustmánuðum, mögulega í tengslum við Formannafund ÍSí. Rætt um mögulega dagskrárliði og fyrirkomulag. Leitað var til fundarmanna um mönnun vinnuhóps um skipulagningu ráðstefnunnar. Samþykkt að skipa Gunnar Bragason, Lilja Sigurðardóttir og Viðar Garðarsson í vinnuhópinn og að starfsmenn hópsins verði Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí og Þórarinn Alvar Þórarinsson verkefnastjóri sama sviðs.

7. Fjölgun í Kvinnahlaupsnefnd ÍSí

Almenningsíþróttasvið ÍSí hefur óskað eftir því að fjölgað verði í Kvinnahlaupsnefnd ÍSí, úr þremur í fimm nefndarmenn. Áður var búið að skipa Ingibjörgu Bergrós Jóhannesdóttur, Önnu R. Möller og Gíju Gunnarsdóttur í nefndina.

Samþykkt að Þráinn Hafsteinsson verði fulltrúi framkvæmdastjórnar í nefndinni.

Framkvæmdastjóra heimilað að óska eftir tilnefningu frá Frjálsíþróttasambandi Íslands um einn fulltrúa í nefndina.

8. Nýjar íþróttir

Þessum dagskrárlið var frestað til næsta fundar þar sem upplýsingar sem fundarmenn þurfa að kynna sér fyrir ákvörðunartöku í málinu liggja ekki fyrir.

9. Erindi Bocciafélags Akureyrar

Málinu frestað þar sem ekki náðist að senda fundarmönnum niðurstöðu laganefndar ÍSí nógu tímanlega til kynningar fyrir fundinn.

10. Ályktanir frá ársþingi HSK

Lagðar fram tvær tillögur sem samþykktar voru á ársþingi HSK 10. mars sl. Tillögurnar eru eftirfarandi:

96. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið í Þorlákshöfn 10. mars 2018, skorar á ÍSí og UMFÍ að koma á fót fagráði og umboðsmanni iðkenda eða sambærilegu embætti til að hugsa um hag íþróttafólks, þarfir þeirra, réttindi ofl.

96. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið í Þorlákshöfn 10. mars 2018, skorar á UMFÍ og ÍSí að hrinda í framkvæmd herferð gegn tóbaksnotkun, notkun rafrettna og annarra fíkniefna, sem og óhóflegrar notkunar orkudrykkja sem innihalda koffín og önnur örvandi efni.

Einnig lagt fram bréf HSK þar sem óskað er eftir að ÍSí vinni að því með sérsamböndum ÍSí að bæta boðun á sérsambandsþing með hliðsjón af lögum viðkomandi aðila. Vísað til skrifstofu til skoðunar og e.t.v. afgreiðslu.

11. Ályktanir frá ársþingi FRÍ

Lagðar fram tvær tillögur sem samþykktar voru á ársþingi FRÍ 23.- 24. mars sl. Tillögurnar eru eftirfarandi:

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, skorar á ÍSÍ og UMFÍ að koma á fót umboðsmanni iðkenda eða sambærilegu embætti til að hugsa um hag íþróttafólks, þarfir þeirra, réttindi ofl.

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, hvetur ÍSÍ til að leggja fram leiðarlínur sem íþróttahreyfingin getur stuðst við er varðar innleiðingu á endurskoðaðri persónuverndarlöggjöf (GDPR)

12. #metoo

Ása Ólafsdóttir greindi frá störfum starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytis. Fyrirhugað er að hópurinn ljúki störfum á næstu tveimur vikum. Skrifstofa ÍSÍ sendi út 2. stöðubréf til íþróttahreyfingarinnar í dag þar sem farið var yfir það sem gert hefur verið frá því 1. stöðubréf var sent út.

13. Heiðranir

Farið yfir þær heiðranir sem samþykktar voru í gegnum tölvupóst og þær staðfestar formlega:

- **Jón Þór Þórðarson**, ÍA – Silfurmerki ÍSÍ. Hafsteinn Pálsson afhenti merkið á ársþingi ÍA.
- **Eypór Benediktsson**, HSH - Gullmerki ÍSÍ og **Björg Ágústsdóttir**, HSH - Silfurmerki ÍSÍ. Framkvæmdastjóri afhenti merkin á ársþingi HSH.

Knattspyrnufélagið Víkingur – **Björn Einarsson, Vilhjálmur J. Árnason, Þórður Hjörleifsson og Nanna Guðmundsdóttir** - Silfurmerki ÍSÍ og **Ásgrímur Guðmundsson** – Gullmerki ÍSÍ. Örn Andrésson afhenti Birni og Nönnu merkin á 110 ára afmæli Víkings um síðastliðna helgi. Ásgrímur, Vilhjálmur og Þórður voru fjarverandi en fyrirhugað er að finna tækifæri fjótlega til að afhenda þeim merkin.

Eftirfarandi tilnefningar til heiðrana samþykktar:

- HSÍ: **Kjartan Steinbach** – Heiðurskross ÍSÍ, **Ásta Óskarsdóttir** – Gullmerki ÍSÍ og **Guðjón Leifur Sigurðsson** – Gullmerki ÍSÍ. Merkin verða afhent á ársþingi HSÍ 28. apríl nk.
- Fram, 110 ára: **Þór Björnsson, Guðjón Jónsson, Stefán Hilmarsson Þorbjörg Gunnarsdóttir** – Gullmerki ÍSÍ. Merkin verða afhent í afmælisveislu félagsins 1. maí nk.
- HSV: **Þröstur Jóhannesson** – Gullmerki ÍSÍ. Merkið verður afhent á ársþingi HSV 9. maí nk.

14. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 264. fundur framkvæmdastjórnar
- Aukafundar stjórnar frá 12. apríl sl.
- 4., 5. og 6. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2018
- Sameiginlegur fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Afrekssjóðs ÍSÍ frá 12. apríl 2018
- Fundur Afrekssjóðs ÍSÍ frá 9. apríl og 16. apríl 2018

Lilja Sigurðardóttir formaður sjóðsstjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ fór yfir tillögur sjóðsins að úthlutunum úr sjóðnum. Fundargerð og úthlutanir sjóðsins samþykktar samhljóða.

Heildarúthlutun að þessu sinni er kr. 184,1 millj. króna.

Samþykkt samhljóða, að tillögu Afrekssjóðs ÍSÍ, að fella niður styrkveitingar sjóðsins (sbr. grein 22 og 23 í Reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ og 13. grein í samningum Afrekssjóðs ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ) vegna ársins 2017 að upphæð kr. 1.333.742,- vegna verkefna sérsambanda sem annars vegar var ekki farið í og hins vegar þar sem kostnaður var lægri en styrkveiting.

- Laganefnd frá 20. mars 2018. Samþykkt.

- Verkefnasjóður ÍSí frá 20. mars 2018. Tillaga að úthlutun úr sjóðnum samþykkt samhljóða.
- Heiðursráðs ÍSí frá 17. apríl 2018.
Hafsteinn Pálsson kynnti drög að breytingum á Reglugerð ÍSí um heiðursveitingar.
Endanleg útfærsla verður lögð fram til afgreiðslu á næsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSí.

15. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

16. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næsti fundur er áætlaður 31. maí næstkomandi kl. 16:00.

17. Önnur mál

Erindi Hafna- og mjúkboltafélags Reykjavíkur um stuðning vegna byggingu íþróttamannvirkis
Framkvæmdastjóri skýrði frá beiðni Hafna- og mjúkboltafélags Reykjavíkur um stuðningsbréf við erindi félagsins til Reykjavíkurborgar um innanhússaðstöðu fyrir tennis, hafnabolta og fánafótbolta. Vísað til framkvæmdastjóra til skoðunar.

Reglugerð um þjóðarleikvanga

Framkvæmdastjóri skýrði frá birtingu Reglugerðar um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum, sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur nú staðfest. Samþykkt að koma reglugerðinni á framfæri við sérsambönd ÍSí.

Piotr Nurowski verðlaunin (vetrar)

Framkvæmdastjóra gefin heimild til að fara með atkvæði ÍSí á EOC Seminar þar sem kosið verður um Piotr Nurowski verðlaunin.

Starfsskýrsluskil

Samþykkt að heimila skrifstofu ÍSí að beita keppnisbanni á þau félög og deildir sem verða í vanskilum með starfsskýrslur til ÍSí eftir 15. maí nk. Skrifstofu falið að senda út viðvörðun til viðkomandi sambandsaðila.

Stytting framhaldsnáms

Úlfur H. Hróbjartsson vakti athygli á nauðsyn þess að fylgjast vel með áhrifum styttingu framhaldsnáms á íþróttaiðkun ungmenna.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari